

Enska 8.bekkur

Kennarar: Halldóra Lára Benónýsdóttir

8

Skólaárið

2025-2026

Helstu námsþættir vetrarins

Námsþættir vetrarins eru:

- hlustun og áhorf** á mismunandi efni t.d. úr fjöl-og myndmiðlum þar sem nemendur tileinka sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum eftir áhuga, námi og þekkingu til að segja frá, vinna úr eða nýta sér á annan hátt sér til gagns og ánægju
- lestur og lesskilningur** á margvíslegum texta t.d. úr kennslubókunum, dagblöðum, skáldsögum, smásögum, tímaritum, netmiðlum og víðar þar sem nemendur afla sér upplýsinga, bregðast við efninu til frásagnar eða á annan hátt ásamt því að lesa sér til fróðleiks, ánægju og þroska.
- samskipti** sem miða að því að nemendur geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn og efni sem honum er kunnugt, einnig að geta tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum t.d. að miðla, taka á móti upplýsingum, átt skoðanaskipti, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
- frásögn** sem miðar að því að nemendur geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir eða hefur kynnst við hlustun eða lestur, tjáð skoðanir sínar, brugðist við spurningum, flutt stutta frásögn, stutt frumsamið efni eða kynningu
- ritun**, þar sem nemendur æfast í að skrifa ýmsar gerðir af formlegum og óformlegum textum með lesanda í huga, skrifað um eða brugðist við því sem hann hefur hlustað, séð eða lesið og fylgt ákveðnu textaformi þar sem það á við. Einnig tjáð tilfinningar, reynslu þekkingu og skoðanir sínar skriflega. Lögð er áhersla á að sköpunargáfan og ímyndunaraflíð fái að njóta sín.
- menningarlæsi** þar sem nemendur kynnast mismunandi afbrigðum tungumálsins, samfélags-og þjóðfélagsgerðum á enskumælandi málsvæðum Bretlands og Bandaríkjanna.
- lykilhæfni** sem snýr að bera ábyrgð á eigin námi, fara eftir fyrirmælum, nýta tímann vel, gefa góðan vinnufrið og eiga í góðum samskiptum við aðra.

Málkerfið og orðaforðinn eru undirstöðuþættir hvers tungumáls og eru samofin öllum færniþáttum og því er notkun orðabóka þjálfuð sem og málfræði. Valdar óreglulegar sagnir verða lærðar utan að.

Námsefni vetrarins verður skipt upp í nokkrar lotur og hverri lotu á fáeinar vikur. Áætlun verður fyrir hverja lotu sem og viku, ef nemandi nær ekki að klára áætlun í kennslustundum þarf hann að vinna það heima.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Námsefni vetrarins er skipt upp í nokkrar lotur. Áætlun verður fyrir hverja lotu sem er skipt á fáeinar vikur, ef nemandi nær ekki að klára áætlun í kennslustundum þarf hann að vinna hana heima fyrir ákveðinn skiladag sem er skilgreindur í dagatali á mentor.is. Lykilhæfni snýr að því að fara eftir fyrirmælum, nýta tímann vel, axla ábyrgð á náminu, gefa góðan vinnufrið og eiga í góðum samskiptum við aðra er æft í hverri kennslustund.

- Lota 1 - 1.kafli Spotlight 8 sem fjallar um ýmislegt er varðar dýr. Ritun um dýr. Áhersla á hlustun, ritun, frásögn, lesskilning og samskipti.
- Lota 2 - 7.kafli Spotlight 8 um Bretland, kynning um landið unnið í hópavinnu og kynnt fyrir bekknum. Unnið með ritun, lesskilning, menningarlæsi, hlustun, frásögn og samskipti
- Lota 3 - 2.kafli Spotlight 8 þar sem umfjöllunarefni er ýmis konar samskipti fólks.Áhorf á kvikmyndina Billy Elliot og verkefni unnið um leið. Áhersla á hlustun, ritun, lesskilning og samskipti.
- Lota 4 - Skáldsagan BFG eftir Roald Dahl lesin og unnin ritgerð um bókina. Unnið með lesskilning og ritun
- Lota 5 - Óreglulegar sagnir, algengar óreglulegar sagnir lærðar utan að. 10 sagnir lærðar í senn á viku.
- Lota 6 - 4.kafli Spotlight 8 um íþróttir af ýmsum toga, stutt kynning tengd íþróttum unnin í einstaklings-eða paravinnu og kynnt. Áhorf á

myndina Goal og unnin verkefni um leið. Unnið með lesskilning, ritun, hlustun og áhorf, frásögn og samskipti.

Lota 7 - 5.kafli Spotlight 8 um tísku og útlit. Áhorf á myndina Little miss sunshine og verkefni unnið um leið. Unnið með hlustun, lesskilning og ritun.

Lota 8 - Stytt útgáfa af Huckleberry Finn lesin, lesskilningsverkefni unnin og lesskilningspróf í lokin. Unnið með lestur, lesskilning og ritun.

Lota 9 - 8.kafli Spotlight 8 um Bandaríkin, kynning um landið unnið í hópavinnu og kynnt fyrir bekknum. Unnið með ritun, lesskilning, menningarläsi, hlustun, frásögn og samskipti.

Lota 10 - 6.kafli Spotlight 8 um hraða og spennu frá ýmsum hliðum. Unnið með lesskilning, hlustun og ritun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (ef þarf) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn í kennslustundum
- Sjálfstæð vinna
- Samvinnunám og paravinna
- Hópverkefni og kynningar
- Verkefni unnin (ritun, bókrýni, kvikmyndaverkefni o.fl.)
- Chrome tölvur og spjaldtölvur, gagnvirk verkefni eftir efnum og aðstæðum
- Google classroom umhverfið verður nýtt eins og kostur er

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð að nemendum eftir þörfum, sumir gera fleiri æfingar á meðan aðrir gera færri. Eins þurfa sumir lengri tíma á meðan aðrir þurfa styttri tíma til að vinna verkefnin. Nemendur fá einnig aðstoð eftir þörfum. Einstaklingsnámskrá er fyrir þá sem þess þurfa.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða verkefni og/eða próf lögð fyrir í hverri lotu til námsmats þar sem reynir á námsþættina. Leiðsagnarmat og sjálfsmat jafnt og þétt yfir veturinn. Lykilhæfni er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og skráð í námsmat 3x yfir skólaárið, 2x fyrir námsviðtöl og 1x fyrir vitnisburð að vori.

Námsgögn

Spotlight 8 lesbók og vinnubók

Skáldsagan BFG eftir Roald Dahl

Huckleberry Finn eftir Mark Twain (stytt útgáfa)

Myndefni

Hlustunarefni

Ýmis verkefni sem snerta alla námsþætti